



Nýsköpun í þágu menntunar

📅 25. og 26. maí

Þér er boðið að taka þátt í ráðstefnu þann 25. og 26. maí n.k. þar sem kastljósinu verður beint að nýsköpun í þágu formlegrar og óformlegrar menntunar. Fulltrúar skólafólks, fræðasamfélags, frumkvöðla og stefnumótenda munu leitast við að svara varpi ljósi á möguleika til þróunar á skóla- og frístundastarfi á komandi árum.

Fimmtudaginn 25. maí kl. 13-16, í Stakkahlíð verður haldin gagnvirkur umræðufundur þar sem gestir munu geta tekið þátt í umræðum um þau tækifæri sem eru til staðar og þær áskoranir sem nýsköpun og nýsköpunartengd verkefni í menntun standa frammi fyrir.

Föstudaginn 26. maí kl. 13-15, í Bratta í Stakkahlíð, verður svo haldin ráðstefna um nýsköpun í menntun þar sem innlendir og erlendir sérfræðingar munu taka til máls.

Ráðstefnan er haldin af [Nýsköpunarstofu menntunar](#) í samstarfi við Samtök menntatæknifyrirtækja og er ætluð öllum þeim sem koma að fræðslu- og uppeldisstarfi, menntarannsóknum, stefnumótun og nýsköpunar- og frumkvöðlastarfi í þágu menntunar.

Til að staðfesta þátttöku, vinsamlegast skráið ykkur [hér](#).



**HÁSKÓLI
ÍSLANDS**



Samtök
menntatækni-
fyrirtækja



Nýsköpunarstofa
menntunar



Reykjavík